

Raforkumálastjóri
Jarðhitadeild

SÝNIEINTAK
má ekki fjarlægja

SKÝRSLA UM ATHUGANIR VARANDI NEYSLU-
VATN Á DRANGSNESI, STRANDASÝSLU

eftir

Jón Jónsson

Nóvember 1962

27.11.62

Inngangur

Oddviti Kaldrananes hrepps hefur með bréfi, dags. 24.3.62, farið þess á leit að gerðar yrðu athuganir á möguleikum til að vinna neysluvatn fyrir Dranganesþorp, hvort heldur varí með borunum eða með öðru móti. Samkvæmt þessu fór sá er þetta ritar ásamt Kristjáni Sæmundssyni á staðinn, og athugði ásamt honum aðstæður þar. Dvöldum við að Dranganesi mikinn hluta dags þann 11.8.62. Fer hér á eftir greinargerð fyrir athugunum okkar.

Bergmyndanir

Berggrunnurinn á þessu svæði er basalt. Það eru forn hraun, sem runnið hafa hvort ofan á annað. Millilög milli þessara hrauna eru yfirleitt mjög þunn og þannig líttill hluti bergsins. Þetta berg er gamalt, naumast yngra en frá því á fyrri hluta Tertier tímabilsins. Það er því ummyndað og holur og sprungur fylltar minerðlum, einkum zeolitum, sem myndast hafa í berginu á löngum tíma. Meist ber á þessu í millilögum basaltsins, en þau eru oft ekki annað en gjallkennd lög á mótum hraunlaga. Þessi lög eru þess vegna nú örðin alveg þétt. Hafa berggangar, sem víða eru á þessu svæði, átt sinn þátt í því. Gangar þessir eru rásir fornra sprunguðosa og hefur jarðhiti verið við marga þeirra og er raunar ennþá.

Vegna þess hvað bergið er þétt, má telja útilokað að boranir eftir köldu vatni í það mundu gefa tilstæðan árangur. Verður því eindregið ráðið frá að leggja út í slikt.

Skriðan mikla í Bejarfelli

Ofan við þorpið er allhár hnjúkur, Bejarfell 345 m. Sunnan megin í því hefur fallið afar mikil og þykk skriða, sem staðnamst hefur hátt í hlíð. Vera má að þessi skriða sé að einhverju leyti mynduð við smá jökul, sem legið hafi í fellinu og að þarna sé því um jökulbotn að ræða. Ekki var tími til að athuga þetta, enda liggur það spursmál nokkuð utan þeirra takmarka sem setja verður svona athugunum, sem að sjálfssögðu hljóta að vera bundnar hagnýtum sjónarmiðum fyrst og fremst.

Undan skriðunni koma lindir á nokkrum stöðum. Vatnið er ágætt, en spillist svo af því að renna í opnum skurði gegnum myrar að það verður illnotandi.

Mér virðist að þarna sé það mikil vatnsmagn fyrir hendi að næsta muni þorpinu ennþá lengi ef vel er á haldið.

Tillögur

Mér sýnist að heppilegast væri að grafa brunna rétt við skriðuna, þar sem lindirnar eru og leiða vatnið þaðan í pípum niður í einn sammilega stóran geymi, sem staðsetja má neðar í hlíðinni og svo þaðan í einni pípu niður í þorpið. Brunnana stetti að hafa nokkuð stóra, varla minni en 2 m á kant. Var hlutadeigandi bent á staði þar sem talis var heppilegt að grafa. Að sjálfssögðu ber að fírða vel svæðið allt, sem vatnsbólin sjálf eru á og sníða þeirri gírðingu ekki of bröngan stakk. Brunnana þarf að grafa niður á klöpp.

Varðandi mannvirki á þessum stað er vert að hafa það í huga, að jarðvegur og einnig skriðan sjálf, þokast stöðugt undan brekkunni. Sí hreyfing er að vísu hagfara, en getur nágt til þess að valda óþaðindum jafnvel eftir minna en áratug.